# Sigmundur Snorrason í Fólu.

Árið 1852 fluttist maður nokkur, að nafni Sigmundur Snorrason, frá Vallarhjáleigu í Hvolhreppi, að Upp-Ranakoti hjá Traðarholtsvatni. Bjó þar áður Kolbeinn Jónsson, faðir Þorleifs ríka og er þeirra getið á öðrum stað.

Frá Upp-Ranakoti fluttist Sigmundur, ásamt bústýru sinni (eða máske konu síðar) Guðrúnu Þórðardóttur og Andrési syni þeirra, út á Eyrarbakka, árið 1857. Sigmundur byggði þar bæ, austanvert við Steinskotshóp og norðanvert við vestara Litlahraunsvatn og var sá bær nefndur Fóla; hvort það hefur verið hótfyndnisnafn eða Sigmundur skírt bæinn þessu nafni, er mér (J.P.) ókunnugt um, en í kirkjubókum Stokkseyrarprestakalls er bærinn nefndur þessu nafni (Fóla). Bæjartóttir sáust þar og öll lögun byggingar innar þangað til að byggður var þarna spítali sá, er Eyrbekkingar létu reisa nú fyrir nokkrum árum, en sem síðar (1928-29) var gjörður að fangelsis-vinnuhæli og nú er nefnt Vinnuhælið á Litlahrauni, eflaust ein hin þarfasta stofnun sem sett hefir verið upp nú um langan tíma, en staðurinn, þar sem vinnuhælið stendur, er afar-óheppilegur og óskiljanlegt að nokkrum manni skyldi koma til hugar að byggja spítala eða nokkurt hús þarna: Komi t.d. sjávarflóð og árflóð samtímis – en það hefur áður viljað til, t.d. í janúar 1799 – hlýtur allt að fara í kaf af vatnsfylli. Auk þess stendur byggingin á gróðurlausri hraunurð og svo lágt að hún er fáum fetum hærri en yfirborðið á vatninu fram undan húsinu. Nafnið: Vinnuhælið á Litlahrauni, er rangnefni, því lóðin sem húsið stendur á, hefir aldrei tilheyrt Litlahrauni, heldur miklu fremur Steinskoti. Sleppi maður Fólu-nafninu, sem þó er

engin ástæða til þegar um það er að ræða að framvegis eiga að hafast þarna við afbrotamenn í fangelsi, sem eðlilega ætti fremur að fælast þennan stað en girnast að komast þangað – þá væri Vinnuhælið í Steinskoti réttara eða betur viðeigandi nafn. —

Sigmundur Snorrason í Fellu dó 25. ágúst 1865, þrem vikum eftir að ég (J. P.) fæddist. Mér er því eðlilega lítt kunnugt um hann, en í æsku heyrði ég hans oft getið. Fráfall hans mun hafa borið að á þann hátt, að hann hafi verið að fylgja Ólafi heitnum Stefánssyni á Fjalli á Skeiðum og þeir farið neðan af Bakkanum (Stokkseyrarhverfi) upp hjá Grjótlæk og riðið yfir Hörpuhólslæk (sem í fornsögum er nefnt Haugavað), þar sem lækurinn rennur í Skipavatn, en þar er bæði aurbleyta og hyldýpi rétt fyrir neðan vaðið (Barnanesvað, áður Haugavað) og þeir drukknað þar báðir. Sennilegt er að þeir hafi ekki verið allsgáðir, því þó nótt kunni að hafa verið, er ótrúlegt, að þeir hafi ekki séð götuna liggja út í vaðið nokkru ofar, enda nótt tæplega mjög dimm um það leyti árs, nokkru fyrir Höfuðdag.

Um Guðrúnu eða Guðríði heyrði ég einskis getið og veit ekki hvað um þau varð.

———— ˄ ————

Vegalengdin milli Vinnuhælisins (þ.e. Fælu, og Litlahrauns er um 800 metrar og mörkin milli Steinskotslands, sem Fæla var byggð í 1857, og Litlahrauns eru þar sem maður getur hugsað sér að 600 metrarnir af þessum 800 metrum væru, eða með öðrum orðum: Mörkin eru rétt fyrir vestan Litlahraun, enda var Steinskot og hefir ávalt verið í Háeyrarlandi og það var eigandi Háeyrar (og Steinskots og Fælu) sem synjaði Eyrbekkingum þá rænu, að gefa þetta Gósenland undir gikkrahús þeirra í Fælu.

Vinnuhælið hefir verið nefnt Letigarður, en það er að mínu áliti einungis rangnefni, því þótt segja megi að hin brýnasta þörf væri á letigarði hér í landi, fara þangað ekki þeir einir, er ekki nenna að vinna, heldur þeir sem á einhvern hátt hafa gjört afbrotamenn eða verið dæmdir fyrir einhvern þann verknað, er riðið hefir í bág við velsæmi og almenn hegningarlög. Það eru menn, sem sitja verða í varðhaldi (eða fangelsi) og taka þar út hegningu þá er þeir hafa verið dæmdir til að þola. Þetta er því sá staður, sem menn ættu að fælast, en ekki girnast. Nafnið eitt út af fyrir sig, hefir því allmikla þýðingu og ætti því þetta hús og þessi staður að halda sínu forna heiti og heita: Hegningarhúsið í Fælu hjá Steinskoti og ekkert annað.

Sigurður sál. Þórðarson sýslumaður var fæddur á Litlahrauni 24. des. 1856 eða vetrinum áður en Sigmundur Snorrason byggði Fælu og hann mundi vel eftir Sigmundi. En þótt Sigmundur væri talinn meinleysismaður, sagðist Sigurður ávalt hafa verið hræddur við hann og bæ hans, aðeins vegna nafnsins, Fælu. Sigurður var á 9. ári þegar Sigmundur dó og hann var leikbróðir Guðna, sonar hans, en aldrei sagðist hann hafa þorað að koma heim að Fælu, aðeins vegna nafnsins.

Sigurður var því alveg á sama máli og ég um það, að nafnið Fæla væri fráfælandi staður og einmitt velviðeigandi nú, er þar væri kominn vernstaður, eða fangelsi fyrir afbrotamenn.

Og það var einmitt þetta, að nafnið var fráfælandi, sem réð því, að nafnið Fæla lagðist niður: Það þótti ekki eins „fínt" og því var það nefnt Vinnuhælið á Litlahrauni. Það var fínna, en það var rangt, eins og ég hefi nú sýnt fram á, með óhrekjandi rökum og sannindum.

Héðan í frá má því gjöra ráð fyrir að hið rétta nafn festist við þennan stað aftur og að hann og stofnun sú, er þar er, verði ávalt nefnt „Fangelsið í Fælu" og annað ekki.

Sigmundur í Felli dó 25. ágúst 1865, þremur vikum eftir að ég fæddist. Mér er því eðlilega lítt um hann kunnugt og ~~ekki~~ fátt annað en það sem áður er um hann sagt, en í æsku heyrði ég hans oft getið. Frá falli hans man ég hafa að borið á þann hátt, að hann hafi verið að fylgja ~~manni~~ Ólafi nokkrum ~~[illegible]~~ Stefánssyni [...]alli Skeiðum og þeir farið neðan af Bakka (Stokkseyri) upp hjá Gjóthól og riðið yfir Hörpuhólslæk (sem í fornsögum er nefndur Hangavað) þar sem lækurinn rennur út í Skipavatn, en þar er aurbleyta mikil og hyldýpi, rétt fyrir neðan vaðið, Barnaósvað eða Hangavað, en mennirnir drukknuðu þar báðir.

Sennilega hafa þeir ekki verið allsgáðir, því þótt um nótt komið að hafa verið, er ótrúlegt að þeir hafi ekki séð göturnar, sem út í vaðið liggja nokkuð ofar, enda nótt tæplega ~~dökk~~ mjög dimm um þetta leyti árs, rétt fyrir Höfuðdag.

~~Sigurður sál. Þórðarson sýslum. sem var fæddur í Litla-Hrauni, 24. des. 1856, mundi eftir Sigmundi í Felli og sagðist hafa óttast hann mjög, aðeins vegna þess, að hann var frá Felli!~~

„Gunna í Felli" var hún nefnd, Guðrún, kona Sigmundar; hún var einhvern tíma vinnukona í Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi og orð var á því gert hversu mikill dýravinur hún hafði verið: M. a. var sagt, að hver einasta kind á heimilinu hafi klappað til hennar í hvert sinn sem það sá hana og margar jarmandi, gengið með henni og elt hana hvert sem hún fór. Hvað af þeim varð Guðrúnu og Guðna eftir dauða Sigmundar, er mér ókunnugt.